

Karnival dýranna

Ljóð: Þórarinn Eldjárn

Inngangur

Konungur dýranna kallaði þau saman:
„Komið og hlustið öll, nú verður gaman.
Það á að halda hátíð,
hátíð sem er fátíð.
Mennirnir kalla' hana karnival,
KJÖTKVEÐJUHÁTÍÐ.
Þeir eru að fara að kveðja kjöt,
klæða sig í skringiföt.
Margt getur skringilegt skeð,
skellum okkur með.
Enginn má heima hanga,
Allir út að ganga.“

„Niðurstaðan er náttúrlega fín,“
sögðu naut og lömb og svín,
„ef mennirnir, þessi matargöt,
maula ekki lengur kjöt ...“

Ljónamars

Fremstur gekk ljónanna flokkur
með fagurloðna makka.
Af þeim umluðu nokkur:
„Auðvitað ber slíkt að þakka,
þá er úr meira að móða fyrir okkur
og margt gott að smakka.“

Hænur og hanar

Næst kom í göngunni þyrping af hönum og hænum,
hvítum og brúnum og jafnvel rauðum og grænum,
landnámshænum og líka ítölskum,
lagvissum sumum, öðrum skítfölskum.
Þarna kvað við svo mikið af gaggalagóum
og gaggi að flestum þótti víst meira en nóg um.

Villtir asnar

Svo kom hjörð af ofursprækum ösnum
og öðrum höltum og lösnum
en allir voru þeir villtir
og vanstilltir.

Skjaldbakan

Skjaldbökugangur er hægur, svo hægur,
en hraðinn finnst þeim sjálfum nægur.
Áfram þær alltaf paufast
án þess að hika né klaufast –
eða láta sér líða vel
langt inni í skel.

Fíllinn

Á eftir skjaldbökum, ösnum, hænum og hönum
kom hjörð sem veifaði eyrum og rönum.
Þarna var komin þungstíga fílahjörðin
þrammandi svo skalf og hristist jörðin.

Kengúrur

Kengúrur hátt hoppuðu,
hingað og þangað skoppuðu
með háværum hlátursrokum
og hangandi börn í pokum.
Ætla svo eflaust að nýju
til Ástralíu.

Fiskabúrið

Tindrandi sindrandi
tifuðu fiskar án orða.
titrandi glitrandi
glóði á ugga og sporða.
Það er gaman að skoða skrautlega fiska,
skrýtnara' að fá þá á matardiska.

Fólk með löng eyru

Svo kom fólk sem var asnalega eyrt
og aldrei gat rétt heyrt
neitt sem hér var að heyra,
heimtaði eitthvað öðruvísi og meira.
Aldrei þagði,
alltaf sagði:
„Eftir lagi sem er í lagi
langeyrðir gerast margir í okkar fagi.“

Gaukurinn

Gaukurinn galaði
í gönguna smalaði.
„Þið hafið sjálfsagt séð
að sjálfur er ég ekki með,
en ég kem um leið og ég góða foreldra finn
fyrir ungann minn.“

Fuglar

Fuglasveimur,
svífandi heimur,
leið um loftin blá,
lék sér til og frá.

Píanóleikarar

Ýmsar ættir dýra
er erfitt að skýra:
Píanóleikarar eru tegund sem hætt er að tala
en tekur í staðinn endalauska skala.

Steingervingar

Steingervingar stauluðust næstir,
stjarfir og kæstir.
Steingervingar eru andlega snauðir
enda steindauðir.

Svanurinn

Síðastir komu svanir,
sviðsframkomu vanir.
Virðulega vængjum blökuðu,
vel sungu, blítt kvökuðu.

Að lokum

Þannig þrammaði öll hersingin,
þótti góð hressingin.
Þau röltu í halarófu,
raustir upp hófu,

örðu öll og sungu

á eigin tungu,

trommuðu, tröðkuðu, stöppuðu,

trölluðu og klöppuðu.

Enduðu í einni bendu,

ályktun frá sér sendu

um það öll saman

að þetta væri gaman.